

Reykjavík, 18. mars 2019.

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8–10  
101 Reykjavík  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

**Efni: Umsögn um 295. mál, frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum, nr. 99/1993, með síðari breytingum (afurðastöðvar í kjötiðnaði).**

Frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum, nr. 99/1993, með síðari breytingum (afurðastöðvar í kjötiðnaði) var lagt fram á Alþingi hinn 2. nóvember 2018. Frumvarpinu var vísað til atvinnuveganefndar að fyrstu umræðu lokinni hinn 24. janúar 2019. Með tölvupósti, dags. 25. febrúar 2019, óskaði nefndin eftir því að SVP – samtök verslunar og þjónustu veittu umsögn um frumvarpið.

Í greinargerð frumvarpsins er tekið fram að tilgangur þess sé að veita innlendum kjötiðnaði tækifæri til að hagræða og til að bregðast við samkeppni erlendis frá. Bent er á að innlendar afurðarstöðvar séu smáar í alþjóðlegum samanburði og þær eigi í vaxandi samkeppni við erlendar afurðir. Þá er tekið fram að tækifæri afurðastöðvanna til sameiningar séu takmörkuð og því sé rekstrarkostnaður hár, verð til neytenda hátt og afurðaverð til bænda lágt.

**Um gildi samkeppninnar.**

SVP hafa um langa hríð beitt sér fyrir því að markaður með landbúnaðarvörur verði að öllu leyti undirorpinn lögmálum samkeppninnar. Hvort sem litið er til reynslu Íslendinga sjálfra eða okkar helstu samanburðarríkja grundvallast árangursrík efnahagsstarfsemi á opnum mörkuðum og virkri samkeppni á sem flestum sviðum efnahagslífsins. Samkeppni stuðlar að því að fyrirtæki bregðist við breytingum á rekstrarumhverfi með bættri nýtingu innviða. Hún tryggir jafnframt að fyrirtæki bregðist við breytingum á skynsamlegri hátt en ella hefði orðið. Með öðrum orðum hvetur samkeppnin fyrirtæki sem starfa á samkeppnismarkaði til að bæta rekstur sinn, þróa nýjar og betri vörur og vinna gegn sóun. Hún stuðlar að nýsköpun og framförum í atvinnurekstri sem aftur eykur samkeppnishæfni fyrirtækja. Samkeppni milli hráefniskaupenda eykur líkurnar á að framleiðendur fái sanngjarnt verð fyrir afurðir sínar. Virk samkeppni í endursölu kemur smásölum til góða og fái samkeppni þrífist með virkum hætti á öllum stigum gagnast það neytendum í takt við markmið samkeppnislaga. Allt framangreint má draga þannig saman að samkeppni er helsti drifkraftur framfara og hagkvæmni, er ein grunnforsenda heilbrigði og hagkvæmni í rekstri fyrirtækja og stuðlar að nýsköpun, bættum þjónustugæðum og sanngjörnu verði til neytenda.

Ef horft er framhjá 13. og 71. gr. búvörulaga gilda ákvæði samkeppnislaga fullum fetum í landbúnaði og vinnslu landbúnaðarafurða, líkt og í annarri atvinnustarfsemi. Af framkvæmd Samkeppniseftirlitsins leiðir að eftirlit með samruna afurðastöðva er virkt og m.a. er tekið tillit til áhrifa samkeppni erlendis frá. Lök rekstrarskilyrði á markaði hafa einnig veruleg áhrif í ákvarðanatöku eftirlitsins.

Samkurl fyrirtækja á markaði er hins vegar andstæða samkeppninnar.

### Efnisákvæði frumvarpsins.

Með frumvarpinu er lagt til að nýrri grein verði bætt við búvörulög, nr. 99/1993, þar sem kveðið verði á um heimildir afurðastöðva í kjötiðnaði til að sameinast og gera með sér samkomulag um verkaskiptingu og hafa með sér samráð til þess að halda niðri kostnaði við framleiðslu, geymslu og dreifingu kjötvara. Ákvæðinu er ætlað að undanskilja afurðastöðvamar ákvæðum samkeppnislaga.

Efnisákvæði 1. gr. frumvarpsins er að mestu leyti sambærilegt gildandi 71. gr. búvörulaga sem heimilar afurðastöðvum í mjólkuriðnaði að ráðast í sambærilegar ráðstafanir. Á milli munar þó að afurðastöðvum í mjólkuriðnaði er heimilt að gera samkomulag um verkaskiptingu *milli mjólkursamlaga* og að því er varðar *framleiðslu einstakra mjólkurvara*. Engin sambærileg mörk verða til staðar hvað varðar athafnir afurðastöðva í kjötiðnaði ef frumvarpið nær fram að ganga.

Rétt er að taka fram að hugtakið *afurðastöð* er skilgreint í 1. tölul. 2. gr. búvörulaga en til slíkra stöðvar telst hver sá lögaðili eða einstaklingur sem tekur við afurðum úr höndum frumframleiðenda til vinnslu, flokkunar, pökkunar, geymslu, heildsölu eða dreifingar eða vinnur úr eða selur eigin frumframleiðslu umfram magn sem skilgreint er. Til *afurðastöðva í kjötiðnaði* geta því talist fjöldamörg fyrirtæki sem starfa á ýmsum stigum virðiskeðju kjötiðnaðar.

### Afstaða SVP.

Tryggja verður að íslenskur landbúnaður búi við samkeppnislegt aðhald, m.a. þegar að innflutningi landbúnaðarvara kemur. Samkeppnislegt aðhald er forsenda þess að íslenskur landbúnaður geti orðið samkeppnisfær í innlendu og alþjóðlegu samhengi. Ef takast á að stuðla að brautargengi innlands landbúnaðar er því nauðsynlegt að tryggja að greinin starfi í eðlilegu samkeppnisumhverfi. Má í þessu sambandi benda á að Samkeppniseftirlitið hefur lengi ýtt þeim skilaboðum að stjórnvöldum að þegar þess gerist þörf beri að leggja áherslu á skynsamlegan framleiðslustuðning en falla á mót frá markaðstruflandi stuðningi. Með samþykkt frumvarpsins væri gengið í þveröfuga átt.

Samþykkt frumvarpsins mundi hafa alvarleg áhrif á samkeppnihæfni innlands landbúnaðar og koma illa niður á bændum, afurðastöðvum, öðrum fyrirtækjum og neytendum. Af þeim sökum leggjast SVP alfarið gegn samþykkt þess. Þessu til viðbótar benda SVP á að gildissvið ákvæða frumvarpsins er svo rúmt að veruleg hættu er á að of langt sé gengið ef tekið er mið af yfirlýstum tilgangi þess.

f.h. SVP – samtaka verslunar og þjónustu



Benedikt S. Benediktsson